



Ársskýrsla 2020

Umsjón og hönnun: Lífeyrissjóður bænda

Ljósmyndir: Halldóra Ólafs

Forsíða	Brúarfoss í Laugardal.
bls. 4	Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda.
bls. 5	Starfsfólk Lífeyrissjóðs bænda.
bls. 6	Skúli Bjarnason, formaður stjórnar.
bls. 8	Grágæs.
bls. 9	Jökulsárlón.
bls. 11	Þingvellir.
bls. 13	Eldey, Reykjanesskaga.
bls. 15	Hvítá, Borgarfirði.
bls. 18	Steingrímsstöð, Úlfjótuvatni.
bls. 20	Hvítá, Borgarfirði.
bls. 21	Háifoss í Fossá í Þjórsárdal.
bls. 22	Kirkjufellsfoss, Grundarfirði.
bls. 24	Glymur, Hvalfirði.
bls. 26	Krækiberjalyng.



Lífeyrissjóður bænda, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík
Sími 563 1300, lsb@lsb.is, www.lsb.is

Ársskýrsla 2020

Efnisyfirlit

- 4 Stjórn og starfsmenn
- 6 Ávarp formanns stjórnar
- 7 Afkoma - ávöxtun
- 8 Iðgjöld
- 9 Lífeyrir
- 10 Tryggingafræðileg staða
- 11 Verðbréfaeign
- 12 Stjórnarháttayfirlýsing
- 16 Hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar
- 18 Áhættustefna
- 20 Samskipta- og siðareglur
- 22 Fjárfestingarstefna
- 26 Sjóðfélagalán

Ársreikningur 2020:

- 28 Skýrsla stjórnar
- 31 Áritun óháðs endurskoðanda
- 33 Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2020
- 34 Efnahagsreikningur 31.12 2020
- 35 Sjóðstreymi 2020
- 36 Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31.12 2020
- 37 Skýringar

Annual accounts 2020:

- 50 Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments 2020
- 51 Balance Sheet December 31, 2020
- 52 Cash Flow Statement 2020
- 53 Statement of Actuarial Position
- 54 Selected Financial Indicators

Stjórn

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi Lífeyrissjóðs bænda í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir sjóðinn.

Með brottfalli laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda hætti fjármála- og efnahagsráðherra að skipa í stjórn sjóðsins eftir tilnefningu Hæstaréttar, landbúnaðar-ráðherra og Bændasamtaka Íslands.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á ársfundi sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal kosinn á ári þó þannig að fjórða hvert ár skal kjósa tvo, sem var gert í fyrsta sinn á ársfundi 2020.

Varamenn í stjórn skulu vera tveir. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðsins annað hvert ár til fjögurra ára í senn, sem var gert í fyrsta sinn á ársfundi sjóðsins 2019.

Í lok árs 2020 voru í aðalstjórn Skúli Bjarnason, formaður, Erna Bjarnadóttir, Guðrún Lárusdóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir og

Örn Bergsson. Í varastjórn voru Jóhann Már Sigurbjörnsson og Oddný Steina Valsdóttir.

Á árinu 2020 voru haldnir 12 stjórnarfundir en frá stofnun sjóðsins hafa 487 fundir verið haldnir.

Endurskoðunarnefnd

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd sem starfar í umboði og á ábyrgð hennar. Endurskoðunarnefnd fylgist með áhættustýringu og áhættueftirliti sjóðsins og virkni innra eftirlits og endurskoðunar. Hún á að tryggja fylgni við lög og reglur, gera tillögu að ytri endurskoðanda og meta óhæði hans.

Í lok árs 2020 var endurskoðunarnefnd skipuð þeim Alexander G. Eðvardssyni, formanni, Guðrúnu Lárusdóttur og Skúla Bjarnasyni. Þau voru skipuð á árinu í stað Arnar Bergssonar, Guðrúnar Sigríðar Sigurjónsdóttur og Þorvaldar Kára Þorsteinssonar og eru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf.



Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda.

Aftari röð frá vinstri: Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Guðrún Lárusdóttir og Erna Bjarnadóttir. Fremri röð frá vinstri: Örn Bergsson, Skúli Bjarnason, formaður, og Ólafur K. Ólafsson, framkvæmdastjóri.



Starfsfólk Lífeyrissjóðs bænda.

Frá vinstri: Borghildur Jónsdóttir, Sigrún Guðjónsdóttir, Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri, Áslaug Jóhannsdóttir og Kristín Margrét Kristjánsdóttir.

Starfsmenn

Á árinu 2020 störfuðu eftirtaldir starfsmenn:

Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri.

Borghildur Jónsdóttir, áhættustjóri og forstöðumaður reikningshalds.

Áslaug Jóhannsdóttir, skráning iðgjalda og iðgjaldainnheimta.

Kristín Margrét Kristjánsdóttir, lífeyris- og lánamál.

Sigrún Guðjónsdóttir, iðgjaldainnheimta.

Ytri endurskoðun var í höndum PwC ehf.

Innri endurskoðun var hjá Ernst & Young ehf.

Tryggingafræðileg athugun var í höndum Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings.

Eignastýringarsamningur var við eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka.

Iðgjalda- og réttindakerfið Jóakim.

Lífeyrissjóður bænda er aðili að Reiknistofu lífeyrissjóða (RL), sem á hugbúnaðarkerfið Jóakim, iðgjalda- og réttindakerfi, og er RL með útvistunarsamning við Init ehf. um rekstur kerfisins.

Þjónustusamningur er við Greiðslustofu lífeyrissjóða um framkvæmd lífeyrisgreiðslna og tekjuathugun örorkulífeyrisþega.

Lífeyrissjóður bænda er aðili að samningi Landssamtaka lífeyrissjóða við hóp lækna um örorkumat, sem Júlíus Valsson læknir er í forsvari fyrir hjá sjóðnum.

Starfsstöð

Lífeyrissjóður bænda er til húsa að Stórhöfða 23, Reykjavík en þangað flutti sjóðurinn í lok árs 2015.



Stórhöfði 23, Reykjavík

Ávarp stjórnarformanns

Á árinu 2020 hafði sjúkdómurinn COVID-19 áframhaldandi veruleg samfélags- og efnahagsleg áhrif á heimsvísu, mikið atvinnuleysi og skorður við margvíslegri atvinnustarfsemi.

Staða og framvinda sjúkdómsins hefur verið ólík milli einstakra landa og heimsálfa. Ísland hefur ásamt flestum öðrum löndum gengið í gegnum sína dýpstu efnahagslægd síðustu áratuga. Þar hefur vegið þyngst hrun í ferðaþjónustu. Væntingar eru hins vegar til þess að dragi úr áhrifum þessa sjúkdóms á árinu 2021 og líf fólks geti færst í eðlilegra horf, að minnsta kosti í þeim löndum sem ná víðtækri bólusetningu við COVID-19.

Áhrifin á rekstur, efnahag og sjóðstreymi Lífeyrissjóðs bænda á árinu hafa verið óveruleg. Við aðstæður sem þessar er vert að undirstrika mikilvægi áhættudreifingar hjá lífeyrissjóðum, sem er grunnþátturinn í eignasöfnum þar sem fjárfestingartími er langur. Til að ná fram áhættudreifingu fjárfestir Lífeyrissjóður bænda meðal annars í ólíkum eignum og eignaflokkum.

Sjóðurinn vann með sjóðfélögum og launagreiðendum á árinu með farsælum hætti og hagaði rekstri á skrifstofu í samræmi við sóttvarnaraðgerðir á hverjum tíma. Rafrænar samskiptaleiðir voru notaðar í vaxandi mæli.

Þrátt fyrir neikvæð áhrif sjúkdómsins á efnahags- og markaðsaðstæður á árinu 2020, varð mikill vöxtur á hreinni eign sjóðsins.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá Lífeyrissjóði bænda nam 40,4 milljörðum króna í árslok 2020, hækkaði um 3,1 milljarð króna milli ára eða 8,4%. Hreinar fjárfestingartekjur námu 4,2 milljörðum króna á árinu 2020. Góð ávöxtun eignsafnsins skilaði bata í trygginga-fræðilegri stöðu sjóðsins.

Ávöxtun eignsafnsins 2020 var ein sú hæsta í sögu sjóðsins. Hrein nafnávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 11,2% sem samsvarar 8,3% raunávöxtun.



Skúli Bjarnason

Hrein raunávöxtun síðustu fimm ára er 4,8%, sem er marktækt umfram þau 3,5% sem almennt er miðað við varðandi þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til lífeyrissjóðanna. Enn hærri er hún þegar horft er til síðustu 10 ára eða 5,1%.

Árið einkenndist af hárri ávöxtun hlutabréfa, innlendra sem erlendra. Gengisveiking krónu skilaði hárri ávöxtun erlendra skuldabréfa, nokkru hærri en innlendra skuldabréfa.

Vægi erlendra verðbréfa í eignasafni sjóðsins var 28,3% í lok árs 2020, hækkaði um 3,3 prósentustig frá fyrra ári. Á tveimur árum hefur hlutur erlendra eigna sjóðsins vaxið um þriðjung, úr 21,1% af eignasafni í 28,3%.

Sjóðfélögum, lífeyrisþegum, starfsfólki, stjórn og samstarfsaðilum er þakkað ánægjulegt samstarf á liðnu ári og óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Skúli Bjarnason
Stjórnarformaður

Afkoma – ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 40.378 m.kr. í árslok 2020, hækkaði um 3.137 m.kr. milli ára eða 8,4%.

Hreinar fjárfestingartekjur námu 4.243 m.kr. á móti 4.337 m.kr. árið áður.

Hrein nafnávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 11,2% sem samsvarar 8,3% raunávöxtun.

Hrein raunávöxtun síðustu fimm ára er 4,8% að meðaltali á ári og síðustu 10 ára 5,1%.

Árið 2020 einkenndist af hárri ávöxtun hlutabréfa, innlendra sem erlendra. Gengisveiking krónu skilaði hárri ávöxtun erlendra


skuldabréfa, nokkru hærri en innlendra skuldabréfa.

Vægi erlendra verðbréfa í eignasafni sjóðsins var 28,3% í lok árs 2020, hækkaði um 3,3 prósentustig frá fyrra ári.


Á tveimur árum hefur hlutur erlendra eigna sjóðsins farið úr 21,1% af eignasafni sjóðsins í 28,3%, sem er þriðjungshækkun.

Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 139 m.kr., hækkaði um 8,3% frá fyrra ári. Launakostnaður, þ.m.t. stjórnar og endurskoðunarnefndar nam 84,7 m.kr., þar af voru laun 69,1 m.kr. og launatengd gjöld 15,5 m.kr. Stöðugildi voru fimm á árinu 2020.

Raunávöxtun	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Hrein raunávöxtun	8,3%	9,6%	1,7%	5,9%	-1,3%	7,8%	5,6%	2,6%	5,3%	6,4%
Fimm ára meðaltal	4,8%	4,7%	3,9%	4,1%	3,9%	5,5%	5,1%	4,6%	-0,1%	-1,5%
Tíu ára meðaltal	5,1%	4,9%	4,3%	2,1%	1,3%	2,2%	1,7%	1,9%	2,7%	1,9%



Hrein eign til greiðslu lífeyris og hrein raunávöxtun eignasafns hvers árs.



Grágæs.

Iðgjöld

Lífeyrissjóður bænda rekur samtryggingardeild. Lífeyrissjóðsiðgjald af launum er að lágmarki 12%, þar af greiða launþegar 4% og atvinnurekendur 8%.

Frá og með 1. júlí 2018 er mótframlag atvinnurekanda vegna starfsmanna 11,5% en framlag er óbreytt hjá sjálfstæðum atvinnurekendum.

Heildariðgjaldagreiðslur námu 837 m.kr. 2020 samanborið við 760 m.kr. 2019, hækkuðu um 10,0%. Iðgjöld sjóðfélaga námu í heild 248 m.kr., mótframlög atvinnurekanda 570 m.kr. og réttindaflutningar og endurgreiðslur nettó voru 358 þ.kr.

Greiðandi virkir sjóðfélagar voru 2.115 á árinu 2020 samanborið við 2.148 á árinu 2019. Í árslok 2020 var fjöldi sjóðfélaga 10.945, fækkaði um 58 frá fyrra ári.

Réttindaávinnsla

Réttindi í Lífeyrissjóði bændu voru fram til ársloka 2006 í jafnri réttindaávinnslu, þ.e. sjóðurinn var stigastjóður.

Frá 1. janúar 2007 reiknast réttindi í krónum samkvæmt töflu sem fylgir samþykktum sjóðsins. Um er að ræða aldurstengd réttindi sem ráðast af aldri sjóðfélaga í réttindamánuði.

Allir sjóðfélagar yngri en 25 ára í árslok 2005 fá aldurstengd réttindi og einnig þeir sem ekki uppfylla skilyrði til jafnrar réttindaávinnslu.

Rétt til jafnrar ávinnslu hafa þeir sjóðfélagar sem voru 25 ára og eldri í árslok 2005, höfðu greitt iðgjöld í sjóðinn í tiltekinn tíma fyrir 42 ára aldur og hefur verið úrskurðað viðmiðunariðgjald, sem byggt er á greiddum iðgjöldum árið 2003.

Réttur í jafnri ávinnslu miðast þá við allt að viðmiðunariðgjaldi en réttindi út á umfram-iðgjöld eru aldurstengd.



Jökulsárlón.

Lífeyrir

Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.804 m.kr. á árinu 2020, sem er 5,5% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda var 1.797 m.kr. og jókst um 5,5% milli ára.

Lífeyrisþegum hefur fjölgað á undanförunum árum. Fjöldi þeirra sem á réttindi í sjóðnum var 10.945 í árslok 2020.


Fjöldi lífeyrisþega

	2020	2019	% br.
Ellilífeyrir	3.419	3.344	2,3%
Örorkulífeyrir	374	373	0,3%
Makalífeyrir	618	619	-0,2%
Barnalífeyrir	36	35	3,2%
Samtals	4.447	4.371	1,8%

Lífeyrisgreiðslur í m.kr.

	2020	2019
Ellilífeyrir	1.558	1.463
Örorkulífeyrir	142	147
Makalífeyrir	92	88
Barnalífeyrir	5	6
Samtals	1.797	1.704

Hlutfallsleg skipting lífeyris 2020



Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri athugun felst að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn lífeyrisrétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Heildarskuldbindingar lífeyrissjóðs eru þannig samtala af áfallinni skuldbindingu og framtíðarskuldbindingu.

Við úttektina er miðað við að ávöxtun Lífeyrissjóðs bænda á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er notað sama vaxtaviðmiðið.

Í tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2020 eru áfallnar skuldbindingar 418 m.kr. umfram eignir eða 1,2% og heildarskuldbindingar 1.542 m.kr. umfram eignir eða 3,6% ef miðað er við framsetningu samkvæmt reglugerð nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ef miðað er við reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er neikvæð staða áfallinna skuldbindinga 1,1% og neikvæð staða heildarskuldbindinga 3,4%. Staða sjóðsins batnaði frá síðasta ári. Mestu veldur góð ávöxtun á árinu 2020.

Munur milli eignaliða og heildarskuldbindinga lífeyrissjóða má samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 ekki reiknast yfir 5% samfelld í fimm ár, eða 10% í eitt sinn, mælt sem hlutfall af skuldbindingum. Staðan er nú innan 5% marka annað árið í röð og uppfyllir því sjóðurinn skilyrði laga nr. 129/1997 um tryggingafræðilega stöðu.

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum, nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tryggingafræðingur er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi lífeyrissjóði verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) samþykkti á árinu 2018 nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði þar sem mat á lífslíkum er byggt eingöngu á reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar, lagt er mat á endurhæfingarlíkur með beinum hætti og


gert er ráð fyrir mismunandi lífslíkum öryrkja og annarra. Á árinu 2019 var reiknigrundvöllurinn uppfærður með tilliti til breytinga á lífslíkum. Lífslíkur eru metnar eftir reynslu árána 2014-2018, og örorkulíkur eftir reynslu árána 2011-2016. Er mat skuldbindinga við lok ársins 2020 miðað við hinn nýja reiknigrundvöll, með sérstakri aðlögun að reynslu sjóðsins. Fyrir Lífeyrissjóð bænda er miðað við 61% af meðaltali nýggengis örorku fyrir karla og 107% fyrir konur.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður sem meðaltal kostnaðar árin 2018-2020, uppfært til verðlags í lok árs 2020. Tilmæli FÍT túlka það sem svo að áætlað skuli fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyris-skuldbindingar fyrir lífeyrissjóði, sem taka við iðgjöldum og nýjum sjóðfélögum.

Að teknu tilliti til framtíðargreiðsluflæðis Lífeyrissjóðs bænda og aldursdreifingar sjóðfélaga hefur því verið notuð fráviksaðferð við mat rekstrarkostnaðar til framtíðar, sem byggir á því að hluti launakostnaðar (1/3) breytist í hlutfalli við greiðslur iðgjalda og lífeyris. Hluti annars kostnaðar breytist í hlutfalli við iðgjalda-greiðslur.

Tryggingafræðileg staða.

- Heildareignir (m.kr.), vinstri ás
- Skuldbindingar (m.kr.), vinstri ás
- Heildarstaða (%), hægri ás
- Áfallin staða (%), hægri ás






Þingvellir.

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 39.652 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 36.595 m.kr. í árslok 2019. Hlutfall innlendra verðbréfa er 71,7% og erlendra verðbréfa 28,3%. Heildareign í ríkistryggðum bréfum er 22%, þá er ekki meðtalin eign í ríkistryggðum bréfum í

verðbréfasjóðum. Á árinu 2020 ráðstafaði sjóðurinn 5.147 m.kr. til lánveitinga og verðbréfakaupa og seldi verðbréf fyrir 3.862 m.kr. Kaup verðbréfa umfram sölu námu því 1.285 m.kr.

Hlutfallsskipting verðbréfaeignar 31.12 2020



Stjórnarháttayfirlýsing 2020

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs bænda (LSB) er sett með vísan til 51. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins (FME) nr. 335/2015. Yfirlit, ýmis lög, reglugerðir og ýmsar innri reglur eru aðgengilegar á vefnum www.lsb.is.

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Lífeyrissjóður bænda starfar í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktir sjóðsins. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins, sem tóku gildi 21. janúar 2019.

Sjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum samþykktanna. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Stjórnarmenn og starfsmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, félögum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarhættir og stjórnarháttayfirlýsing

Lífeyrissjóður bænda leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur, með þeim hætti að hagsmunum sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

Stjórnarháttayfirlýsingin fyrir árið 2020 byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru

á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykktu sjóðsins, reglna FME þar um, meðal annars reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Lög, reglur og leiðbeiningar sem sérstaklega varða stjórnarhætti sjóðsins

Eftirfarandi er yfirlit yfir löggjöf, stjórnvaldsreglur, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur sjóðsins. Listinn er til upplýsinga en er ekki tæmandi.

Lög frá Alþingi:

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga.
- Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Reglugerðir:

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar.
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Reglur og leiðbeiningar FME:

- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.
- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2013 um áhættustýringu samtryggingardeilda.
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Innri reglur sjóðsins:

- Samþykktir Lífeyrissjóðs bænda.
- Samskipta- og siðareglur.
- Starfsreglur stjórnar.
- Starfsreglur framkvæmdastjóra.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
- Verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármála-gerninga.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna.

Reglur og viðmið:

- **Samskipta- og siðareglur** Stjórn hefur sett siða- og samskiptareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaaðrekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er meðal annars fjallað um góða starfshætti, hagsmunaaðrekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga sem og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.
- **Hluthafastefna** markar stefnu sjóðsins sem hluthafi í félögum, sem hann fjárfestir í. Stefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga sem sjóðurinn á hlut í sem og annarra hluthafa, auka gagnsæi í störfum sjóðsins og trúverðugleika á markaði.
- **Stefna um ábyrgar fjárfestingar** Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fjárfestingum. Stefnan markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórnskipulag

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda ber ábyrgð á starfsemi hans og skal annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins, og annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla. Stjórn ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun. Stjórnin ræður ennfrems lög-giltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast ytri endurskoðun hjá sjóðnum sem og tryggingastærðfræðing til að annast tryggingafræðilega athugun. Meðal

annarra mála sem stjórn fjallar um á fundum sínum eru veigameiri fjárfestingaákvæðanir sem og tillögur að breytingum á samþykktum, fjárfestingar-, hluthafa- og áhættustefna, lánareglur, fjárhagsáætlun og kynningarmál. Stjórn hefur sett sér starfsreglur sem eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Framkvæmdastjóri Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúrumboð og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Ársfundur Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og eiga allir sjóðfélagar og rétthafar rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Á ársfundi skal leggja fram og gera grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi fyrir síðasta starfsár, tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, stjórnarkjöri og tillögum um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. gr. samþykktu sjóðsins.



Eldey, Reykjanesskaga

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund. Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Endurskoðun Ársreikningur sjóðsins er endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrirtækja. Endurskoðunarnefnd gerir tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins.

Tryggingastærðfræðingur Tryggingafræðileg athugun er framkvæmd árlega í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð 391/1998. Athuginin er framkvæmd af löggiltum tryggingastærðfræðingi samkvæmt samningi við sjóðinn. Með athugininni er lagt mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntar framtíðarskuldbindingar annars vegar og núverandi eignasafn og vænt iðgjöld og ávöxtun hins vegar.

Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn skipar endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Upplýsingar um nefndina eru á vef sjóðsins.

Endurskoðunarnefndina skipa Alexander G. Eðvardsson, formaður nefndarinnar, fyrrverandi endurskoðandi og partner hjá KPMG, Guðrún Lárusdóttir, búfræðikandidat og viðskiptafræðingur, í stjórn Lífeyrissjóðs bænda, og Skúli Bjarnason, hæstaréttarlögmaður, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bænda.

Hlutverk endurskoðunarnefndar:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reiknings-skila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustjórnun.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.
- Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnurnar grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum og stefnumótun sjóðsins. Stefnurnar byggja á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, þar sem því verður við komið.

Áhersla er lögð á að stefnurnar og framkvæmd þeirra sé virkur þáttur í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum sjóðsins í stefnumótandi málum varðandi innleiðingu sem og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Áhættustjóri sjóðsins hefur umsjón með framkvæmd stefnanna og áhættustýringu sjóðsins. Hann heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi og milliliðalausan aðgang stjórnar að upplýsingum er honum heimilt að gefa skýrslur um áhættustýringu, og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu sjóðsins, beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Í stefnunum er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, umfjöllun um helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins, mat á þeim og tilgreint með hvaða hætti fylgst er með þeim.

Innra eftirlit

Innra eftirlit sjóðsins nær yfir sérhverja aðgerð af hálfu stjórnar, stjórnenda og starfsmanna til að stýra áhættu, þar sem því verður við komið, og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur sjóðsins. Stjórnendur annast skipulagningu og framkvæmd innra eftirlits en að framkvæmd þess koma í raun allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti.

Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 og er innra eftirlit sjóðsins yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum. Innra eftirlit

sjóðsins byggir meðal annars á skýrsluskilum, reglulegri upplýsingagjöf, skráðum verkferlum og starfslýsingum, reglum um aðgreiningu starfa, skipulegum aðgangsstýringum og skilvirkri áhættustefnu og áhættueftirliti.

Áhættustefna og áhættustýring sjóðsins er veigamikill þáttur í innra eftirliti. Helstu verkþættir í starfsemi sjóðsins byggja á skriflegum ferlum og starfslýsingum starfsmanna sem auka áreiðanleika og stuðla að fylgni við lög og reglur. Verkferlar og starfslýsingar eru yfirfarnar reglulega. Aðskilnaði starfa og aðgangsstýringum innan sjóðsins er ætlað að draga úr villu- og sviksemisáhættu. Margþætt skýrsluskil, afstemmingar og upplýsingagjöf til opinberra aðila, stjórnar sjóðsins og einstakra stjórnenda veita aðhald í rekstri.

Hvað upplýsingakerfi sjóðsins varðar er í gildi öryggisstefna sjóðsins sem nær til meðferðar og varðveislu gagna. Henni er ætlað að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir og sjálfvirk vöktun miða að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi. Neyðaráætlun sjóðsins er ætlað að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa.

Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á ársfundi sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal kosinn á ári þó þannig að fjórða hvert ár skal kjósa tvo, sem var gert í fyrsta sinn á ársfundi 2020.

Varamenn í stjórn skulu vera tveir. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðsins annað hvert ár til fjögurra ára í senn, sem var gert í fyrsta sinn á ársfundi sjóðsins 2019.

Sjálfsmat stjórnar Stjórn framkvæmir frammistöðumat á störfum sínum í samræmi við starfsreglur. Niðurstöður eru nýttar af stjórn til að þróa starfshætti og styðja við góða stjórnarhætti. Spurningar lúta að skipan og skipulagi stjórnar, hlutverki og ábyrgð sem og frammistöðu hennar og undirnefndar.


Fjöldi funda: Á árinu 2020 voru haldnir tólf stjórnarfundir.

Upplýsingar um stjórn og framkvæmdastjóra

Skúli Bjarnason, formaður, Erna Bjarnadóttir, Guðrún Lárusdóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir og Örn Bergsson.

Framkvæmdastjóri er Ólafur K. Ólafsson.

Framangreind stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt á fundi stjórnar 29. apríl 2021.



Hvítá, Borgarfirði.

Hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar

Um gildissviðið

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda setti sjóðnum hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar í apríl 2018. Í fjárfestingum sjóðsins er ávallt lögð áhersla á málefni umhverfis, félags- og stjórnarháttanna. Það er grundvallarsjónarmið í eignastýringu sjóðsins.

Gildissviðið í hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar er þó haft þrengra þar sem fram kemur að sjóðurinn mun fyrst og fremst beita sér þar sem sjóðurinn hefur

verulegra hagsmuna að gæta vegna hlutfallslegrar stærðar fjárfestingar af eignasafni sjóðsins og/eða hlutfallslegrar stærðar beins eignarhlutar sjóðsins í einstöku félagi og útilokar því ekki að hann beiti sér þrátt fyrir að þessi skilyrði eru ekki uppfyllt.

Stefnurnar munu þróast áfram og taka breytingum í samræmi við almenna þróun í ábyrgum fjárfestingum og reynslu sjóðsins af framkvæmdinni.

Hluthafastefna

Hlutverk Lífeyrissjóðs bænda er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjóðfélaga til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lífeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi.

Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis, félags- og stjórnarháttanna við fjárfestingaákvörðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvörðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild.

Hluthafastefna þessi markar stefnu í stjórnarháttum Lífeyrissjóðs bænda, sem hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Stefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga sem sjóðurinn á hlut í sem og annarra hluthafa, auka gagnsæi í störfum sjóðsins og trúverðugleika á markaði.

Varðandi stefnu Lífeyrissjóðs bænda í umhverfis- og félagsmálum vísast til stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum.

Gildissvið

Hluthafastefna Lífeyrissjóðs bænda á fyrst og fremst við um innlendar skráðar fjárfestingar sjóðsins þar sem hann fer með verulegan eignarhlut eða 2,5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærri af heildareignum lífeyrissjóðsins.

Samkeppni

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlut í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

Hluthafafundir

Lífeyrissjóður bænda leitast við að sækja hluthafafundi félaga sem hann er hluthafi í samkvæmt gildissviði stefnu þessarar. Almennt styður sjóðurinn tillögur stjórnar að því gefnu að þær teljist vera til hagsbóta fyrir umrætt félag og hagsmuni sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins fer með atkvæði sjóðsins í umboði stjórnar sjóðsins á hluthafafundum félaga en hefur heimild til að framselja umboðið.

Val og kröfur til stjórnarmanna

Almennt tilnefnir Lífeyrissjóður bænda ekki fulltrúa í stjórnir félaga fyrir aðalfundi þeirra. Í þeim tilfellum sem ekki er sjálfkjörið til stjórnar tekur framkvæmdastjóri saman ákvörðun stjórnar um hvernig sjóðurinn hyggst ráðstafa atkvæðum sínum. Að jafnaði taka stjórnarmenn Lífeyrissjóðs bænda ekki sæti í stjórnnum félaga sem falla undir stefnu þessa í umboði sjóðsins.

Lífeyrissjóður bænda leggur áherslu á að stjórnir félaga starfi í samræmi við góða stjórnarhætti. Það felur meðal annars í sér að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í störfum sínum og beri hagsmuni félags, sem þeir starfa í umboði fyrir, umfram aðra hagsmuni þar með talið eigin hagsmuni.

Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

Lífeyrissjóður bænda hlutast ekki til með beinum hætti um stjórnarstörf einstaka stjórnarmanna eftir að þeir hafa hlotið kosningu í stjórn. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að eiga samskipti við stjórn eða stjórnendur þar sem sjóðurinn er hluthafi og í samræmi við gildissvið hluthafastefnu þessarar, skal þess gætt að samskipti séu í samræmi við verklagsreglur viðkomandi félags, ákvæði samkeppnislaga og reglur um innherjaupplýsingar.

Starfskjarastefnur og kjör stjórnarmanna

Lífeyrissjóður bænda gerir kröfu um að gætt sé hófs við gerð starfskjarastefnu og ákvörðun kjara stjórnarmanna félaga sem falla undir hluthafastefnuna. Gæta þarf þess að allar ákvarðanir séu í samræmi við hlutafélagalög, taki mið af stærð félagsins, umfangi og þess markaðar sem það starfar á. Þá sé þess gætt að árangurstengdar greiðslur og valréttir stjórnenda og starfsfólks félaga séu skýrt afmarkaðir og fari saman við langtímahagsmuni félagsins.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda mótaði sér stefnu á árinu 2018 í ábyrgum fjárfestingum sem taka mið af umhverfis-, félags- og stjórnarháttum (ESG – Environmental, Social and Governance) fyrirtækja.

Stefna þessi markar stefnu sjóðsins um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóður ber að setja sér.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við fjárfestingar sem taka tillit til umhverfis, félags- og stjórnarháttanna félaga og fyrirtækja.

Gildissvið

Stefna Lífeyrissjóðs bænda í ábyrgum fjárfestingum á fyrst og fremst við um innlendar fjárfestingar sjóðsins í skráðum félögum þar sem hann fer með 2,5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærri af heildareignum sjóðsins.

Viðmið

Almennt horfir Lífeyrissjóður bænda til lengri tíma í fjárfestingum sínum. Það er í samræmi við langtímaskuldbindingar sjóðsins sem fara saman við langtímasjónarmið um ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti í félögum sem hann fjárfestir í.

Stefnu þessa hefur sjóðurinn til hliðsjónar við einstakar fjárfestingaákvörðanir, eftirfylgni þeirra og við mótun fjárfestingarstefnu.

Lífeyrissjóður bænda gerir kröfu um að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum, sem um starfsemi þeirra gilda á þeim stað þar sem hún fer fram. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, “UN Global Compact”, í fjárfestingum sínum.

Aðferðir og framkvæmd

Við mat á fjárfestingum sem falla undir stefnu þessa, fylgir Lífeyrissjóður bænda eftir stefnunni með því að kanna stefnu félaga með tilliti til fyrrgreindra viðmiða. Almennt eru erlendar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfasjóðum frekar en í einstökum erlendum félögum.

Við mat á rekstraraðila skuldabréfa- og hlutabréfasjóða gerir Lífeyrissjóður bænda kröfu um að stefna þeirra í ábyrgum fjárfestingum sé könnuð og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar heildarmati við fjárfestingaákvörðun. Stefna rekstraraðila í ábyrgum fjárfestingum þarf ekki að vera skilyrði fyrir fjárfestingu heldur hluti af heildarmati fjárfestingarinnar.

Komi í ljós að félag sem fellur undir stefnu þessa verði uppvíst að fráviki á grundvelli fyrrgreindra viðmiða mun Lífeyrissjóður bænda beita sér fyrir því að félagið ráðist í viðeigandi úrbætur.

Við slíka ákvörðun er þó ávallt gætt ýtrustu varfærni þar sem heildarhagsmunir Lífeyrissjóðs bænda og sjóðfélaga eru hafðir að leiðarljósi.



Steingrímsstöð, Úlfljótsvatni.

Áhættustefna

Áhættustefna er skjalfest stefna stjórnar Lífeyrissjóðs bænda um áhættu í starfsemi sjóðsins, sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda samþykkti endurskoðaða og uppfærða áhættustefnu sjóðsins 30. október 2020.

Markmið áhættustefnu

Markmið stjórnar Lífeyrissjóðs bænda með setningu áhættustefnu er að greina frá áhættuvilja stjórnar, áhættuþoli sjóðsins og hvernig skuli greina, vakta og stýra áhættu hans í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017.

Áhættustefnan helst í hendur við fjárfestingarstefnu, þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku.

Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Áhættustefnan skal endurskoðuð árlega og að auki ef markverðar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins.

Viðhorf stjórnar til áhættu

Stjórn sjóðsins hefur rætt viðhorf sitt til áhættu. Stjórn vill tryggja að unnt verði að standa við lífeyrisskuldbindingar sjóðsins að því leyti að líkur á að breyta þurfi réttindum eða iðgjöldum til lágmarkstryggingarverndar séu lágmarkaðar, en þó svo að betri langtímarauðvöxtun fái en með því að fjárfesta eingöngu í skuldabréfum.

Tryggingafræðileg staða er því ráðandi þáttur hvað varðar áhættuþol sjóðsins.

Viðhorf til áhættu gerir það að verkum að fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera nokkuð aðhaldssöm og fela í sér litlar líkur á að breyta þurfi réttindum eða iðgjöldum í framtíðinni.

Heildaráhættustýring

Í daglegri starfsemi sinni stendur sjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og sam-

þykktir sjóðsins. Í því felst að stjórn sjóðsins ber endanlega ábyrgð á því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins meðal annars með því að móta innra eftirlit sjóðsins og skjalfesta ferla.

Hlutverk stjórnar er jafnframt að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins, ásamt því að setja ásættanleg mörk.

Í samræmi við það mótar stjórn fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sem lagðar eru til grundvallar við eignastýringu sjóðsins.

Helstu áhættuþættir:

- **Lífeyristryggingaráhætta.** Hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Skerðingaráhætta er mæld með álagsprófum.
- **Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði.** Hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga, sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.
- **Markaðsáhætta.** Hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.
- **Vaxta og endurfjármögnunar-áhætta.** Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferilsins leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og að ekki verði hægt að fjárfesta í skuldabréfum á jafn hárrí ávöxtunarkröfu í framhaldinu.
- **Uppgreiðsluáhætta.** Hættan á að skuldabréf með föstum vöxtum verði greitt upp fyrir gjalddaga og að sjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem stefnt er að.
- **Mótaðilaáhætta.** Hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar.
- **Gjaldmiðlaáhætta.** Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla, t.d.

styrking ISK, rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum.

- **Lausafjáráhætta.** Hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði.
- **Samþjöppunaráhætta.** Hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna.
- **Rekstraráhætta.** Hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.

Rekstraráhættu er stýrt með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins.


Fylgni milli áhættuþátta. Hættan á að fylgni áhættuþátta verði til þess að heildaráhrif þeirra á sjóðinn verði önnur heldur en ef hver áhættuþáttur væri öðrum óháður.

Markmið stjórnar er að eignir sjóðsins séu það fjölbreyttar að áhrif einstakra undirliggjandi áhættuþátta séu takmörkuð. Nánar er kveðið á um dreifingu eigna í fjárfestingarstefnu.

Áhættumenning sjóðsins felur í sér að stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sem koma að rekstri sjóðsins skulu þekkja og skilja hlutverk sitt gagnvart þeim áhættuþáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir og hvernig þeim er stýrt með tilliti til áhættuvilja stjórnar.

Árlega framkvæmir áhættustjóri mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind, virkni stýringa og viðbragðsáætlun, sem stjórn hefur sett, er metin þegar niðurstöður eru kynntar fyrir stjórn á stjórnarfundi. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringu áhættuþátta.

Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna, úttektum ásamt öðrum innri reglum.



Hvítá, Borgarfirði.

Samskipta- og siðareglur

Samskipta- og siðareglur Lífeyrissjóðs bænda, sem voru samþykktar af stjórn sjóðsins 16. október 2015, gilda fyrir stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins.

Reglum þessum er ætlað að undirstrika tiltekin grunngildi í störfum og starfsháttum.

Ábyrgð

Stjórn og starfsfólk Lífeyrissjóðs bænda gerir sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón og eftirlit með þeim fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga.

Í ábyrgðinni felst meðal annars að fara í hvívetna eftir þeim lögum og reglum er gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggji á góðu viðskipta-siðferði.

Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga

Á stjórn og starfsfólki hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, s.s. málefni sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnar- eða

starfsmenn sjóðsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Stjórnar- eða starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að gögn sem þeir taka við og fara skuli leynt komist ekki í hendur annarra. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Góðir starfshættir

Stjórn og starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og aðrar athafnir skulu miða að því að vera sjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar.

Stjórn og starfsfólk skulu ávallt gæta þess utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem getur vakið efa um hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaða ímynd hans.

Forðast ber hvers konar hagsmunaárekstra milli starfa þeirra og annarra athafna eða tengsla utanaðkomandi aðila.

Stjórn eða starfsfólk mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skyld er stjórnar- eða starfsmanni að upplýsa um slík atvik.

Hagnýting trúnaðarupplýsinga

Stjórn eða starfsfólki er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

Viðskiptahættir

Sjóðurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að eiga góð samskipti við þá aðila sem hann á samskipti við hvort sem um er að ræða iðgjaldagreiðendur, sjóðfélaga, þjónustuaðila á fjármálamarkaði eða útgefendur verðbréfa.

Sjóðurinn leggur áherslu á að ávöxtun fjármuna sjóðsins taki mið af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. Það næst meðal annars með góðum samskiptum við aðila á verðbréfamarkaði.

Þau samskipti þurfa að vera í samræmi við almennar grunnreglur er tryggja gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga.

Lögð er áhersla á að allar kynningar sem tekið er þátt í og önnur samskipti séu hlutlægar, nákvæmar, sannar og í samræmi við lög og almennt siðferði.

Ferðalög

Eðlilegt er að stjórn og starfsfólk sjóðsins sækji kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar sem skipulagðar eru af þjónustuaðilum bæði innanlands og utan, sem eru til þess fallnir að afla sjóðnum upplýsinga um viðskiptatækifæri, valkosti í eignastýringu eða annað er skiptir máli fyrir sjóðinn.

Efni fundanna verður að vera stutt gögnum sem eru til reiðu á fundunum. Skal gögnunum haldið til haga í minnst eitt ár. Vettvangur funda á ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist.

Sjóðurinn skal að jafnaði bera kostnað vegna ferða og gistingar.

Þjóði skipuleggjendur upp á útivistar- eða skemmtiatriði, svo sem íþróttar- eða menningarviðburði, í tengslum við slíka fundi skulu þeir viðburðir vera almennt viðeigandi og ganga sem minnst á hefðbundinn vinnutíma.

Gjafir og boð

Stjórn og starfsfólki er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum sjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla aðila sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn.

Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við sjóðinn.

Einnig eru undanþegin boð á menningar- eða íþróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, enda sé gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Annað

Brot starfsmanna á þessum reglum getur varðað áminningu eða uppsögn.



Háifoss í Fossá í Þjórsárdal.



Kirkjufellsfoss, Grundarfirði.

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs bænda fyrir 2021 samþykkti stjórn 20. nóvember 2020. Stefnan er send Fjármálaeftirlitinu og birt á heimasíðu sjóðsins.

Forsendur fjárfestingarstefnu

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða kemur fram að stjórn skuli móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og ávaxta fé sjóðsins í samræmi við eftirtalдар reglur og innan þeirra marka sem löginn setja:

1. Lífeyrissjóður skal hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.
2. Lífeyrissjóður skal horfa til aldurs-samsetningar sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta, sem hafa áhrif á skuldbindingar.
3. Allar fjárfestingar skulu byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum um öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild.
4. Lífeyrissjóður skal gæta þess að eignir séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, meðal annars með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.
5. Lífeyrissjóður skal setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

Umfjöllun um réttindakerfi

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar er kveðið á um.

Sjóðurinn rekur samtryggingardeild.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og ákvæðum samþykpta sjóðsins.

Lífeyrissjóður bænda er langtímafjárfestir og leggur það sjónarmið til grundvallar í fjárfestingum og stýringu á verðbréfaeign sinni í því skyni að hámarka ávöxtun sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu. Eignir skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum VII. kafla laga nr. 129/1997, 9. gr. núverandi samþykpta sjóðsins og samkvæmt nánari reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Við ákvörðun fjárfestingarstefnu er tekið mið af lífeyrisbyrði sjóðsins og stefnan í grunninn höfð varfærin þar sem mikilvægt er að vel takist til við ávöxtun eigna til að verja áunnin réttindi. Stjórn sjóðsins stefnir þó að því að auka réttindi til framtíðar og gerir sér grein fyrir því að það geti falið í sér einhverja við-

bótaráhættu umfram það að fjárfesta eingöngu í ríkistryggðum bréfum.

Í ríkum mæli er horft til skuldbindinga sjóðsins og reynt að lágmarka líkur á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga. Þar skiptir miklu máli líftími skuldbindinga, þ.e. meðalaldur sjóðfélaga. Því er mikilvægt að fjárfestingarstefnan taki tillit til samspils eigna og skuldbindinga, sem endurspeglar réttindi sjóðfélaga í framtíðinni.

Til að draga úr áhættu er mikilvægt að fjárfesta í dreifðu safni mismunandi eignaflokka í verðbréfasöfnum. Með því má ná fram áhættudreifingu. Með tilliti til þess sem hér hefur komið fram og miðað við stöðu sjóðsins og aldurssamsetningar sjóðfélaga telur stjórn sjóðsins rétt að halda vægi innlendu skuldabréfanna áfram háu.

Fjárfestingarstefnan er mótuð til lengri tíma, til allt að fimm ára og eignasamsetning er innan vikmarka gildandi stefnu.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefna

Stjórn Lífeyrissjóðs bændna hefur með stefnu sinni um ábyrgar fjárfestingar lagt áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingaákvæðanir sínar og er meðvitað um þá staðreynd að þær ákvæðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild sinni. Sjóðurinn hefur einnig sett sér hluthafastefnu, sem markar stefnuna í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem fjárfest er í.

Aldurssamsetning sjóðsins

Meðalaldur virkra sjóðfélaga er hár hjá sjóðnum, 52 ár hjá körlum og 50 ár hjá konum. Gert er ráð fyrir því að sjóðfélagar

fari á eftirlaun 65-80 ára gamlir. Þess vegna er ljóst að fjárfestingartími tryggingadeildar er ekki langur og aldurssamsetning sjóðfélaga setur skorður á fjárfestingarstefnu sjóðsins sem taka þarf mið af.

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Langtímamarkmið stjórnar sjóðsins er að ná hærri raunávöxtun en fæst með því að fjárfesta eingöngu í áhættuminni eignum líkt og ríkisskuldabréfum og að flökt (mælt með staðalfrávik) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka sjóðsins á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingarstefnunni er ætlað að tryggja að eignir sjóðsins séu nægjanlega fjölbreyttar þannig að dregið sé úr líkum á því að áhætta safnist upp við að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda, fyrirtækja-samsteypu, atvinnugrein eða eignaflokk. Jafnframt er horft til áhættu af hverri og einni eign og áhrif hennar á heildaráhættu safnsins, auk samspils áhættu einstakra eigna og eignaflokka við fjárfestingaákvæðanir.

Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma 2,7% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% langtímaraunávöxtun og að flökt í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka sjóðsins á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnunni.

Í töflu 1 eru forsendur fyrir væntri ávöxtun eignaflokka þar sem fram kemur vænt raunávöxtun eignaflokka, metið flökt í ávöxtun yfir tiltekið tímabil, 2011-2020, og stefna um eignasamsetningu næsta árs.

Tafla 1. Forsendur fyrir væntri ávöxtun

EIGNAFLOKKUR	VÆNT RAUNÁVÖXTUN	FLÖKT	STEFNA 2021
Innlend ríkisskuldabréf	0,01%	7,8%	23%
Önnur innlend skuldabréf	1,1%	9,7%	38%
Erlend skuldabréf	-0,1%	6,9%	5%
Erlend hlutabréf	6,5%	19,8%	18%
Skráð innlend hlutabréf	7,0%	29,7%	8%
Sérhæfðar fjárfestingar og óskráð innlend hlutabréf	7,5%	39,6%	4%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	7,3%	31,1%	4%
Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns	2,7%	6,3%	100%



Glymur, Hvalfirði.

Stefna um eignasamsetningu

Í lögum um lífeyrissjóði er gert ráð fyrir að sett séu mörk á fjárfestingu í ýmsum tegundum og flokkum verðbréfa. Takmarkanir tryggja dreifingu eigna og eru mikilvæg aðferð til að draga úr áhættu.

Vikmörkin í stefnunni eru höfð nokkuð rúm þannig að þau tryggi ákveðinn sveigjanleika og ekki reyni á þau í sífellu. Þetta fer þó að nokkru eftir tegundum eigna. Við nýtingu vikmarka skal ávallt skoða stöðuna og ákveða viðbrögð áður en reynir á vikmörkin.

Skipting verðbréfaeignar skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflunni hér á eftir. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, meðal annars vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Heimilt er að nýta vikmörk innan fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri sem skapast á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Skipting fjárfestinga á eignaflokkum

Tafla 2. Flokkar verðbréfa

		EIGNAFLOKKAR:	STEFNA	VIKMÖRK
A	a.	Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	23%	10-100%
	b.	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	7%	0-30%
B	a.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0-10%
	b.	Innlán	3%	0-25%
	c.	Sértryggð skuldabréf	10%	0-25%
C	a.	Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingarfélag, undanskilið víkjandi skuldabréf	2%	0-10%
	b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	18%	0-40%
D	a.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	16%	0-25%
	b.	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2%	0-15%
E	a.	Hlutabréf félaga	5%	0-30%
	b.	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	11%	0-30%
	c.	Fasteignir	0%	0-5%
F	a.	Afleiður	0%	0-10%
	b.	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
		Samtals	100%	

Tafla 3. Nánari takmarkanir á hlutabréfaáhættu eftir eðli fjárfestinga.

	EIGNAFLOKKAR	STEFNA	VIKMÖRK
	Skráð innlend hlutabréf	8%	0-20%
	Óskráð innlend hlutabréf	4%	0-15%
	Erlend hlutabréf	18%	0-30%

Tafla 4. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

	EIGNAFLOKKAR	STEFNA	VIKMÖRK
	Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingafélaga	14%	0-30%
	Víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	2%	0-4%
	Innlán og skuldabréf í erlendum gjaldmiðli	5%	0-30%
	Erlendar eignir	27%	0-50%
	Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	4%	0-15%



Krækiberjalyng.

Sjóðfélagalán

Lífeyrissjóður bænda veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 30 m.kr. til allt að 40 ára.

Hámarkslán á fyrsta veðrétti er allt að 150 m.kr. að uppfylltum öðrum skilyrðum í lánareglum sjóðsins. Í boði eru jafngreiðslulán eða lán með jöfnum afborgunum. Af verðtryggðum lánum er heimilt að greiða eingöngu vexti í allt að fjögur ár frá lántökudegi að uppfylltum skilyrðum.

Á árinu voru veitt fjögur ný lán, samtals að fjárhæð 120 m.kr. Fjárhæð sjóðfélagalána í eignasafni sjóðsins í lok árs 2020 voru 2.219 m.kr., lækkaði um 233 m.kr. milli ára eða um 9,5%. Varúðarniðurfærsla vegna sjóðfélagalána er í ársreikningi 25 m.kr.

Auk lána til einstaklinga, veitir sjóðurinn einnig veðlán félögum í eigu sjóðfélaga að því tilskyldu að eignarhlutur hans eða þeirra sé að lágmarki 25% í félaginu og að sjóðfélagi takist á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu.

Aðeins er lánað gegn fasteignaveði, sem sjóðurinn metur næga tryggingu. Til grundvallar er lagt áætlað söluverð fasteignar samkvæmt mati sem löggiltur fasteignasali framkvæmir að beiðni sjóðsins.

Sjóðurinn getur fallið frá kröfu um verðmat ef lánsupphæð er vel innan viðmiðunar- og öryggismarka.

Nái veðsetning ekki 75% af fasteignamati er ekki þörf á verðmati.

Sjóðurinn gætir sérstakrar varúðar við verðmat fasteigna sem talið er að geti verið erfiðar í endursölu og/eða takmarkaður markaður er fyrir.

Ekki er lánað gegn lánsveði.

Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni skulu ekki vera umfram:

- 75% af metnu markaðsvirði íbúðarhúsnæðis í þéttbýli,
- 60% af áætluðu söluverði jarðeigna án bústofns, greiðslumarks og vélakosts,
- 45% af áætluðu söluverði íbúðarhúsnæðis utan þéttbýlis og
- 30% af áætluðu söluverði á sérhæfðu húsnæði.

Hvorki er lánað út á ósamþykktar íbúðir né fasteignir, sem eru með lægra fasteignamat en 4 m.kr. Veðsetning íbúðarhúsnæðis og sérhæfðs húsnæðis skal að öðru jöfnu aldrei fara upp fyrir 80% af brunabótamati.

Ársreikningur 2020

- 28 Skýrsla stjórnar
- 31 Áritun óháðs endurskoðanda
- 33 Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2020
- 34 Efnahagsreikningur 31. desember 2020
- 35 Sjóðstreymi 2020
- 36 Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2020
- 37 Skýringar

Skýrsla stjórnar

Almennar upplýsingar og hlutverk lífeyrissjóðsins

Lífeyrissjóður bænda starfar í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og samþykktir sjóðsins.

Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og eru iðgjöld 4% framlag launþega og 8% framlag atvinnurekanda. Frá og með 1. júlí 2018 er mótframlag vegna starfsmanna 11,5% en framlag er óbreytt hjá sjálfstæðum atvinnurekendum.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum sjóðsins.

Um ársreikninga lífeyrissjóða

Ársreikningur sjóðsins er gerður samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í reglunum er meginreglan sú að eignir skulu metnar á gangvirði og er byggt á þeirri reglu í ársreikningnum.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Fjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu 2020 var 2.115, fjöldi þeirra sem á réttindi í sjóðnum var 10.945 í lok árs 2020 og meðaltal fjölda lífeyrisþega, sem fékk greiddan lífeyri á árinu var 4.005.

Heildariðgjöld námu 837 m.kr. á móti 760 m.kr. árið 2020, hækkuðu um 10,0%. Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.804 m.kr. á árinu 2020, sem er 5,5% hækkun frá fyrra ári. Greiddur lífeyrir vegna áunninna réttinda var 1.797 m.kr. og jókst um 5,5% milli ára.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 4.243 m.kr. á móti 4.337 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 139 m.kr., hækkar um 8,3% frá fyrra ári. Launakostnaður, þ.m.t. stjórnar og endurskoðunarnefndar nam 84,7 m.kr., þar af voru laun 69,1 m.kr. og launatengd gjöld 15,5 m.kr. Stöðugildi voru fimm á árinu.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 40.378 m.kr. í árslok 2020, hækkaði um 3.137 m.kr. frá fyrra ári eða um 8,4%.

Ávöxtun

Hrein nafnávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 11,2% sem samsvarar 8,3% raunávöxtun. Sambærilegar tölur fyrra árs voru 12,6% og 9,6%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 4,8% og síðustu 10 ára 5,1%.

Tryggingafræðileg úttekt

Í Tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2020 eru áfallnar skuldbindingar 418 m.kr. umfram eignir eða 1,2% og heildarskuldbindingar 1.542 m.kr. umfram eignir eða 3,6% ef miðað er við framsetningu samkvæmt reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Heildarstaða sjóðsins batnar um 1,2 prósentustig frá fyrra ári.

Ef miðað er við reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er neikvæð staða áfallinna skuldbindinga 1,1% og neikvæð staða heildarskuldbindinga 3,4% frá fyrra ári.

Lán til sjóðfélaga

Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán. Á árinu voru veitt fjögur ný lán, samtals að fjárhæð 120 m.kr. Heildarfjárhæð útistandandi lána í lok ársins var 2.219 m.kr., lækkaði um 233 m.kr. milli ára eða um 9,5%.

Hluthafastefna

Hluthafastefna Lífeyrissjóðs bænda markar stefnu sjóðsins sem hluthafa í félögum, sem hann fjárfestir í. Stefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga sem sjóðurinn á hlut í sem og annarra hluthafa, auka gagnsæi í störfum sjóðsins og trúverðugleika á markaði.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarhátta í fjárfestingum. Stefna Lífeyrissjóðs bænda um ábyrgar fjárfestingar markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Lífeyrissjóður bænda leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins.

Með **stjórnarháttayfirlýsingu** er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur. Stjórnarháttayfirlýsingin byggir á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykktar sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem og 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Í stjórnarháttayfirlýsingunni er einnig yfirlit yfir ýmis lög, reglugerðir og aðrar reglur og viðmið varðandi stjórnarhætti sjóðsins. Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2020 er birt í heild í ársskýrslu sjóðsins.

Stjórn hefur sett sjóðnum **áhættustefnu og áhættustýringarstefnu** með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnurnar grundvallast á lagafyrirmælum, reglugerðum og stefnumótun sjóðsins. Stefnurnar byggja á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, þar sem því verður við komið. Lögð er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra sé virkur þáttur í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum hans í stefnumótandi málum varðandi innleiðingu sem og í daglegum rekstri. Einnig er lögð áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni. Í skýringu nr. 22 í ársreikningnum eru upplýsingar um áhættustýringu þar sem meðal annars er greint frá margvíslegum álagsprófum einstakra áhættuflokka miðað við mismunandi sviðsmyndir.

Upplýsingastarf

Eftir áritun ársreiknings birtir sjóðurinn auglýsingu í Bændablaðinu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og reikningum fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum hálfárslega yfirlit yfir móttækin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrisréttindum. Á vefsíðu sjóðsins má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn, starfsemi, iðgjald, lífeyrisrétt og lánareglur.

Væntanleg þróun og framtíðarhorfur

Á árinu 2020 hafði sjúkdómurinn COVID-19 áframhaldandi veruleg og viðvarandi samfélags- og efnahagsleg áhrif á heimsvísu þar sem skorður hafa verið settar við atvinnustarfsemi og atvinnuleysi hefur aukist. Staða og framvinda sjúkdómsins hefur verið mjög ólík milli einstakra landa og heimsálfa. Ísland hefur ásamt flestum öðrum löndum gengið í gegnum sína dýpstu efnahagslæð síðustu áratuga. Þar vegur þyngst hrun í allri ferðapjónustu þar sem nær allt flug hefur lagst af vegna faraldursins. Þetta ástand hefur varað talsvert á annað ár en væntingar eru til þess að dragi úr áhrifum COVID-19 á seinni hluta árs 2021, a.m.k. hjá þeim löndum sem ná víðtækri bólusetningu við sjúkdómnum.

Áhrif COVID-19 á rekstur, efnahag og sjóðstreymi Lífeyrissjóðs bænda á árinu hafa verið óveruleg. Hugsanleg áhrif á rekstur sjóðsins voru í upphafi faraldurs talin geta verið samdráttur í greiddum iðgjöldum til sjóðsins vegna minnkandi umsvifa launagreiðenda, aukin vanskil þeirra og greiðsluerfiðleikar einstaklinga vegna aukins atvinnuleysis. Sjóðurinn vann á farsælan hátt náið

með sjóðfélögum og launagreiðendum við að leysa úr þeirri stöðu sem upp gæti komið vegna COVID-19 og má gera ráð fyrir að verði viðvarandi um nokkurt skeið. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að fylgjast vel með þróun innheimtumála vegna iðgjalda og lántökum var boðið greiðsluhlé á lánum sínum til allt að sex mánaða með möguleika á framlengingu að þeim tíma loknum.

Sjóðurinn hagaði rekstri á skrifstofu í samræmi við sóttvarnaraðgerðir á hverjum tíma. Móttaka sjóðsins var lokað hluta af árinu og sjóðfélagar hvattir til að sinna erindum sínum í gegnum rafrænar samskiptaleiðir. Á árinu voru umsóknir um lífeyri settar á vefinn og geta sjóðfélagar nú sótt rafrænt um lífeyri. Í samræmi við sóttvarnaraðgerðir var fjarvinna vaxandi þáttur í starfseminni og gekk það fyrirkomulag vel. Stuðst verður áfram við sama fyrirkomulag á árinu 2021 þar til annað verður ákveðið.

Þrátt fyrir neikvæð áhrif COVID-19 á efnahags- og markaðsaðstæður, var ávöxtun sjóðsins hins vegar góð. Við aðstæður sem þessar er vert að undirstrika mikilvægi áhættudreifingar hjá lífeyrissjóðum, sem er grunnþáttur í eignasöfnum þar sem fjárfestingartími er langur. Til að ná fram áhættudreifingu fjárfestir Lífeyrissjóður bænda meðal annars í ólíkum eignum, eignaflokkum og landsvæðum. Áhættu er þar af leiðandi dreift á þann veg að þótt lækkun verði á ákveðnum eignaflokki, á ákveðinni tegund eigna eða innan ákveðins landsvæðis eru líkur á að hún vinnist að hluta upp í hækkun á öðrum flokkum og dragi þannig úr sveiflum á eignasafni. Þess ber að geta að sjóðurinn hefur síðustu áratugi lagt upp með heldur varfærna fjárfestingarstefnu og hlutdeild erlendra eigna í eignasafni sjóðsins hefur vaxið um sjö prósentustig á tveimur árum, var í lok ársins 28,3% af eignasafni.

Á komandi árum mun sjóðurinn líkt og síðustu ár hafa áfram að höfuðmarkmiði að hámarka ávöxtun eigna innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum svo og að hámarka réttindi sjóðfélaga.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir þeir atburðir sem hafa verulega þýðingu á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur Lífeyrissjóðs bænda gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Í stjórn

Lífeyrissjóðs bænda

Skúli Bjarnason

Erna Bjarnadóttir

Guðrún Lárusdóttir

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Örn Bergsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur K. Ólafs

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020, breytingu á handbæru fé á árinu 2020 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrsla stjórnar.
- Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2020.
- Efnahagsreikning 31. desember 2020.
- Sjóðstreymi árið 2020.
- Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31.12. 2020.
- Skýringar sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sjóðnum er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við höfum ekki veitt sjóðnum neina aðra þjónustu en endurskoðun á árinu.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla lífeyrissjóðsins. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir

því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hans. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda.

Við vorum ráðin endurskoðendur sjóðsins á árinu 2011. Við höfum verið endurskoðendur sjóðsins sjóðsins samfelld síðan eða í 10 ár.

Reykjavík, 29. apríl 2021.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason

löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2020

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga	3	248.159	226.644
Iðgjöld launagreiðenda	3	569.521	514.960
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	4	358	85
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði	4	18.568	18.583
		<u>836.606</u>	<u>760.271</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	5	1.801.679	1.709.600
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	5	6.011	5.570
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	398	451
Eftirlaun frá Tryggingastofnun	5	(4.548)	(6.054)
		<u>1.803.541</u>	<u>1.709.568</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	2.617.134	2.913.769
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	1.656.795	1.433.721
Vaxtatekjur af handbæru fé		23.881	43.743
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		12.118	8.582
Fjárfestingargjöld	8	(66.939)	(63.067)
		<u>4.242.990</u>	<u>4.336.747</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	139.032	128.325
		<u>139.032</u>	<u>128.325</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		3.137.022	3.259.125
Hrein eign frá fyrra ári		<u>37.240.874</u>	<u>33.981.749</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>40.377.896</u>	<u>37.240.874</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fjárfestingar	2/10-17		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	10-13	17.778.972	15.530.945
Skuldabréf	14-15	21.873.649	21.064.352
		<u>39.652.621</u>	<u>36.595.297</u>
Fjárfestingar		<u>39.652.621</u>	<u>36.595.297</u>
Kröfur	18		
Kröfur á launagreiðendur		145.462	167.061
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		30.043	20.543
Kröfur		<u>175.506</u>	<u>187.604</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	19	1.755	2.430
Ýmsar eignir		<u>1.755</u>	<u>2.430</u>
Handbært fé			
Sjóður og veltiinnlán		572.420	477.231
Handbært fé		<u>572.420</u>	<u>477.231</u>
Eignir samtals		<u>40.402.302</u>	<u>37.262.561</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	20		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		24.406	21.687
		<u>24.406</u>	<u>21.687</u>
Skuldir samtals		<u>24.406</u>	<u>21.687</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>40.377.896</u>	<u>37.240.874</u>
Skuldbindingar utan efnahags			
Aðrar upplýsingar	8,22		
Skuldbindingar utan efnahags	8		
Mat á lífeyrisskuldbindingum	21		

Sjóðstreymi árið 2020

	2020	2019
Inngreiðslur		
Iðgjöld	852.244	769.092
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	41.961	51.652
Aðrar inngreiðslur	0	29.464
Inngreiðslur	894.205	850.207
Útgreiðslur		
Lífeyrir	1.803.541	1.709.551
Rekstrarkostnaður	133.229	123.357
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	1.612	1.598
Aðrar útgreiðslur	75.910	64.272
Útgreiðslur	2.014.292	1.898.778
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	(1.120.087)	(1.048.571)
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhl. í félögum og sjóðum	43.367	159.126
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(2.443.504)	(3.823.161)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	2.769.244	2.862.463
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	1.683.591	2.010.662
Keypt skuldabréf	(2.703.537)	(2.924.468)
Seld skuldabréf	1.866.115	2.238.347
Seldar aðrar fjárfestingar	0	55.000
Ráðstöfun alls	1.215.276	577.970
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	95.189	(470.601)
Handbært fé í upphafi árs	477.231	947.832
Handbært fé í lok árs	572.420	477.231

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31.12.2020

Tryggingafræðileg staða 2020

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	40.377.896	0	40.377.896
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(3.221.709)	0	(3.221.709)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(783.487)	0	(783.487)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(1.963.901)	(896.947)	(2.860.848)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	7.839.658	7.839.658
Eignir samtals	34.408.799	6.942.711	41.351.510

Skuldbindingar

Eftirlaun	32.230.268	7.158.424	39.388.692
Örorkulífeyrir	1.335.914	671.917	2.007.831
Makalífeyrir	1.246.756	165.660	1.412.416
Barnalífeyrir	14.163	70.463	84.625
Skuldbindingar samtals	34.827.101	8.066.463	42.893.564

Eignir umfram skuldbindingar	(418.302)	(1.123.752)	(1.542.054)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(1,2%)	(13,9%)	(3,6%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(2,5%)	(14,1%)	(4,8%)

Tryggingafræðileg staða 2019

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	37.240.874	0	37.240.874
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(2.264.463)	0	(2.264.463)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(368.266)	0	(368.266)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(1.907.474)	(912.160)	(2.819.634)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	7.903.657	7.903.657
Eignir samtals	32.700.671	6.991.497	39.692.168

Skuldbindingar

Eftirlaun	30.950.523	7.217.323	38.167.846
Örorkulífeyrir	1.349.138	678.753	2.027.891
Makalífeyrir	1.224.507	167.674	1.392.181
Barnalífeyrir	15.321	71.289	86.609
Skuldbindingar samtals	33.539.488	8.135.039	41.674.527

Eignir umfram skuldbindingar	(838.817)	(1.143.542)	(1.982.359)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(2,5%)	(14,1%)	(4,8%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(7,0%)	(18,2%)	(9,4%)

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Á árinu 2020 starfaði Lífeyrissjóður bænda á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, og samþykktu er fyrir sjóðinn gilda. Í samræmi við brottfall laga nr. 12/1999 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins og tóku þær gildi 21. janúar 2019.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, maka- og barnalífeyris. Óskertur réttur til tóku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 67 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri og barnalífeyri, ef við á, ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Andist sjóðfélagi eiga eftirlifandi maki og börn, yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum samkvæmt nánari reglum.

Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda og var hún óháð aldri til ársloka 2006 en blönduð, þ.e. bæði jöfn og aldurstengd frá ársbyrjun 2007. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins getur haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

2. Reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Fjárhæðir

Fjárhæðir í reikningunum eru sýndar í þúsundum króna.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Frá og með 1. apríl 2020 var sú breyting gerð að Seðlabankinn birti eingöngu skráð miðgengi allra gjaldmiðla sem bankinn skráir og er það þá opinbert viðmiðunargengi. Birting á kaup- og sölugengi gjaldmiðla lagðist þá af. Þetta verklag er til samræmis við verklag seðlabanka í samanburðarlöndum. Meðalgengi ársins og gengi í lok árs var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2020	2019	31.12.2020	31.12.2019
Evra.....	EUR	154,52	136,92	156,10	135,83
Bandaríkjadalur.....	USD	135,27	122,35	127,21	121,10
Sterlingspund.....	GBP	173,59	156,11	173,55	159,42
Sænsk króna.....	SEK	14,75	12,93	15,57	12,99
Norsk króna.....	NOK	14,42	13,89	14,93	13,77
Dönsk króna.....	DKK	20,73	18,34	20,98	18,18

Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainnstæðum og öðrum fjárfestingum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að fráðregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á 'Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris' sem áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 8 um fjárfestingargjöld.

Jafnframt eru í þessum lið færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknarir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið falla allar þóknarir til fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins. Undir þennan lið falla einnig fjárfestingargjöld sem ekki falla undir aðra liði eins og göld vegna húseigna og lóða sem teknar eru til fullnustu greiðslu.

Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerna sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 16. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladeigi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Í skýringu nr. 16 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladeigi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladeigi.

Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður er færður sá hluti innlána í bönkum og sparissjóðum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald.

Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreiknings á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðsins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Áhættustjórnun

Lífeyrissjóður bændna hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptastamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru til staðar hjá sjóðnum.

3. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum í árslok miðað við fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur í efnahagsreikningi.

4. Réttindaflutningar, endurgreiðslur og framlag ríkis til jöfnunar örorkubyrði

Iðgjöld eru endurgreidd til þeirra sem hafa náð 70 ára aldri, til dánarbúa og greiðenda undir 16 ára aldri. Ennfremur eru endurgreidd mótfamlög launagreiðenda á móti þeim launþegaiðgjöldum sem endurgreidd eru. Endurgreiðslur voru óverulegar á árinu.

Réttindaflutningar frá sjóðnum voru óverulegir.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða. Framlag ríkisins fyrir árið 2020 nam 18,6 m.kr.

5. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir.

Lífeyrir greinist þannig:

	Eftirlaun skv. áunnum	Eftirlaun frá Tryggingastofnun réttindum 3.gr. laga 42/2018	Samtals 2020	Samtals 2019
Ellilífeyrir	1.558.143	0	1.558.143	1.462.733
Makalífeyrir	91.865	4.548	96.413	94.108
Örorkulífeyrir	141.647	0	141.647	146.901
Barnalífeyrir	5.477	0	5.477	5.858
	<u>1.797.132</u>	<u>4.548</u>	<u>1.801.679</u>	<u>1.709.600</u>

Lífeyrisframlag ríkissjóðs

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 42/2018 um brottfall laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bændu skulu útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna sem falla á sjóðinn vegna áunninna réttinda sjóðfélaga sem fæddir eru 1914 eða fyrr eða maka þeirra greidd úr ríkissjóði.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2020	2019
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs.....	6.011	5.570

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiddu til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldsstofni vegna ársins 2019. Gjaldið lækkaði frá og með 1. janúar 2016 úr 0,13% af iðgjaldsstofni.

Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2020	2019
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats.....	398	451

HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR**6. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum**

	2020	2019
Arður af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....	21.188	159.126
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....	2.595.946	2.754.643
	2.617.134	2.913.769

Áhrif gjaldmiðla færð meðal tekna af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....	678.641	135.964
--	---------	---------

Afkoma 20 stærstu fjárfestinga greinist þannig: *)

	2020	2019
SSgA World IDX EQ-I - EUR.....	508.322	662.203
Katla Fund Global Value.....	240.831	341.340
ÍS 15.....	138.175	280.073
Ríkisverðbréfasjóður - Langur.....	61.092	73.110
Capital Group New Perspective Fund - LUX (USD).....	287.552	160.550
JPMF Euro Liquidity Fund.....	128.585	(10.165)
Wellington Global Equity Research A.....	161.993	217.611
Kaupthing IS5.....	52.367	136.915
Marel hf.....	102.705	157.279
Arion banki hf.....	38.389	34.607
Stefnir - Sparifjársgjóður.....	769	0
Fidelity Funds - Inst Emerging Markets Eq USD.....	88.603	60.527
Stryx World Growth USD I.....	114.112	119.789
Reitir fasteignafélag hf.....	11.443	5.610
Pimco Euro Inc. BD-INS.Acc.....	39.334	0
